

## Hreggviður um P. E.

Einhver »Hreggviður« hefir birt í  
»Þjóðólfii« 49. tbl. misskilning sinn  
og lítilsvirðingu á afmælistkvæði Þor-  
steins Erlingssonar til Bj.Björnsons; og  
er sú ljóðafregn ófæð öðrum til við-  
vörunar, þótt það sé nokkuð á annan  
hátt en höf mun hafa ætlast til.

Kvaðið er ekki torskilið.

Það er gott upphaf að minna á, hvilíkur foringi Björnson er, og mjög vel er það til fundið að nefna hér gullhjálm í staðinn fyrir kórónu, til að tákna frægð og yfirburði, því að það minnir á þann, er beztur var drengur af Noregskonungum og kærstur var Norðmönnum.

Orðin »Vér kendum þér« o. s. frv.  
skilur Hreggviður þannig, að Þ. E.  
þykist hafa kent Björnson!

Síðari helmingur vísunnar þýðir  
ekkert annað en það, að Íslendingar  
muni lengi minnugir á Björnson, eins  
og þeir hafa geymt hin fornu rit, sem  
eru að nokkru leyti grundvöllur undir  
skáldskap hans.

Vér kendum þig, sönginn og stálið

Oss fanst sem vér værum i ætt við  
það alt

*og eldgamla, norræna málid, o. s.frv.*

Það er sannfæring míni, að sá sem finnur ekki, að þetta er snjalt kveðið, hafi ekki vit á skáldskap heldur en — Hreggviður.

»Ef eg skil rétta segir Hreggviður,  
þá finst mér í þessum línum ligga  
sú meining, að höf. telji oss það sóma,  
að vér, o: fornbókmentir vorar, séum  
í aett við bókmentir Björnsens.«

Pennan stað mundi líklega megi nefna „perluna“ í ritdómi þessum búningurinn er hér fullkomlega samboðinn efninu, hvorttveggja jafn-fráleitt.

Það væri rangt að benda ekki á  
að einmitt þarna rofar þó snöggvas  
eins og dálítið til í villumyrkrinu; e-  
á við orðin »ef eg skil rétt«; minan-  
þau á hinn óviðjafnanlega Andr-  
kveisukinn (í Twelfth Night efti  
Shakespeare), pégar hann fær veðu  
af því, að hann muni nú ef til vil-  
ekki vera alveg eins fyndinn og hon-  
um er gjarnast að setla.

Það væri óskandi, að pessi — sannarlega ekki ástæðulausa — efasem magnaðist svo mjög, að þetta yrð síðasta kvæðið, sem pessi Hreggviður dæmir um á prenti.

Margnefndur ritdómari hneykslast  
mjög á orðunum **g lampandi**  
**hljómar** í 3. er.; en sumum þykir það  
einmitt ljómandi vel sagt.

Seinustu víguna misskilur Hreggviður hreint ekkert gífurlegar en lesandinn býst við af því, sem á undan er komið. Hugsunin er í stuttu máli þessi: Vegna þess, hvernig heimurinn er, munu hinir beztu menn — og áherzlan er eðlilega lögð á það, að Björnson er þar einna fremstur í flokkini — heyja baráttu móti »forna heims guðnum öllum«, sem ekki lýkur fyr en kominn er nýr himinn og nýr iðr.

Áð endingu verð eg að minnast á, hvað það er ógeðslegt að sjá á prenti öfundarorð yfir »landssjóðslaunum» Þorsteins Erlingssonar; þessum líka miklu launum! Þau eru á við ein mánaðarlaun ýmissa lögfræðinganna. Það væri óskemtilegur vottur um andlega vesalmensku, ef það væri algengt, að menn sæju ofsjónum yfir þessum litla styrk til þess manns, sem flestum betur kann að láta hljóma íslenzkuna þeim til yndis og ánægju, sem elska vort göfuga mál.

En mér dettur ekki í hug að svo sé; mér er nær að haldá, að væri leit að atkvæða út um landið, þá mundi fast yfirgnæfandi atkvæðafjöldi fyrir því, að höfundur »þyrna« héldi þeirri viðurkenningu, sem alþingi hefir veitt honum, — og þó meira væri.

*Helgi Pétursson.*

---